

Ed.

196. Frumvarp til laga

[145. mál]

um breyting á lögum nr. 8/1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi 1973.)

1. gr.

1.—2. ml. a-liðar 29. gr. laganna orðist svo:

Með fimm jöfnum greiðslum, sem falla í gjalddaga 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní, má innheimta til greiðslu upp í útsvar yfirstandandi árs hjá hverjum gjaldanda fjárhæð, sem nemi allt að 60% þess útsvars, sem honum bar að greiða næstliðið ár, eða sama hlutfall og á ári hverju er heimilað að innheimta fyrir fram upp í þinggjöld til ríkissjóðs skv. 4. mgr. 46. gr. laga nr. 68/1971, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 4. mgr. 8. gr. laga nr. 60/1973, um breyting á þeim lögum. Sveitarstjórn setur fyrir 20. janúar ár hvert nánari reglur um þessar greiðslur og auglýsir þær á þann hátt, sem venjulegt er um almennar auglýsingar á hverjum stað.

2. gr.

3. tl. bráðabirgðaákvæðis laganna orðist svo:

Fjármálaráðherra er heimilt að ákveða breytingu á hinu nýja fasteignamati til samræmis við verðlag 1. nóvember 1973.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um 1. gr.

Í lögum um tekjustofna sveitarfélaga hefur lengi verið heimild til handa sveitarstjórnnum til að innheimta útsvör með tíu jöfnum afborgunum á ári, þar af fyrirframgreiðslu upp í væntanlegt útsvar gjaldársins með fimm jöfnum greiðslum í gjalddögum 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí og 1. júní allt að helmingi þess útsvars, sem gjaldanda þarf að greiða næstliðið ár. Æ fleiri sveitarfélög hafa notfært sér þessa heimild.

Fyrirframgreiðslur hafa hingað til ekki mátt nema meira en helmingi af útsvari fyrra árs, og því hefur greiðslubyrði gjaldanda verið óeðlilega lítil fyrri hluta árs, en óeðlilega mikil síðari hluta árs, ef álagt útsvar á innheimtuárinu hefur hækkað frá fyrra ári, eins og oftast hefur verið. Það virðist því hagsmunamál gjaldanda — ekki síður en sveitarfélaga, — að á þessu sé ráðin bót, svo sem hér er gert ráð fyrir.

Samkvæmt þessu frumvarpi er sveitarstjórnnum heimilað að innheimta fyrir fram upp í útsvar á 5 gjalddögum fyrri hluta árs allt að 60% af útsvari gjaldanda næstliðið ár eða sama hlutfall og á ári hverju er heimilað að innheimta fyrir fram upp í þinggjöld til ríkissjóðs skv. lögum nr. 60/1973, 8. gr. 4. mgr., en þar er ráðherra heimilað að ákveða með reglugerð, að fyrirframinnheimtur skuli nema ákveðnum hluta þinggjalda fyrra árs. Við ákvörðun fyrirframgreiðslunnar ber að gæta þeirra tekjubreytinga, sem orðið hafa.

Um 2. gr.

Gildandi fasteignamat varð fyrst grundvöllur fasteignaskatta og annarra gjalda, sem miðast við fasteignamat, á árinu 1972, en matið var miðað við verðlag í árslok 1969.

Samkvæmt heimild í tekjustofnalögunum, ákvæði til bráðabirgða, 3. tl., ákvað fjármálaráðuneytið vorið 1972 að heimila sveitarfélögum 20% hækkun fasteignamatsins að því er varðaði grundvöll til álagningar fasteignaskatts.

Síðan 20% hækkun fasteignamatsins var ákveðin vorið 1972, hafa fasteignir hækkað mjög í verði. Sérstaklega hafa þessar hækkanir orðið miklar á undanförunum mánuðum. Byggingarvísitala hefur t. d. hækkað um 30% á síðastliðnum 8 mánuðum.

Byggingarvísitalan var 1. mars 1970 439 stig, en 1. þ.m. var hún 913 stig. Á þessum þremur árum og átta mánuðum hefur byggingarvísitalan því hækkað um 474 stig eða um 108%, þar af um 272 stig eða 50% síðan í árslok 1971.

Grundvöllur fasteignaskatts var óbreyttur á þessu ári frá árinu 1972. Með tekjustofnalögunum nr. 8/1972 hækkaði hlutdeild fasteignaskatts í heildartekjum sveitarfélaganna úr 3% árið 1971 í 18% árið 1972. Af því er ljóst, að nauðsynlegt er, að fasteignaskatturinn sem tekjustofn rýrni ekki.